

SAMÞYKKT

um hænsnahald í Reykjavík, utan skipulagðra landbúnaðarsvæða.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um hænsnahald í Reykjavík á svæðum sem ekki eru skipulögð landbúnaðarsvæði og þar sem hænsnahald hefur ekki verið sérstaklega bannað eða þinglýstar kvaðir eru á húseignum sem koma í veg fyrir að þar séu haldir hænsni. Samþykktin er sett til að tryggja öryggi, hollustuhætti, góða umgengni og fullnægjandi mengunarvarnir vegna hænsnahalds í þéttbýli í Reykjavík.

2. gr.

Sækja þarf um leyfi heilbrigðisnefndar til hænsnahalds í Reykjavík sbr. 2. gr. samþykktar nr. 426/2003 um takmörkun búfjárhalds og bann við lausagöngu búfjár í Reykjavík. Með umsókn skal fylgja skriflegt samþykki nágranna sem eiga aðliggjandi lóðir. Ef um fjöleignarhús er að ræða skal að auki liggja fyrir samþykki sameigenda, sbr. lög nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Sé umsækjandi leigjandi skal fylgja samþykki leigusala.

Nú telur heilbrigðisnefnd, að skilyrði til hænsnahalds séu fyrir hendi og getur hún þá veitt lögráða einstaklingi eða lögaðila leyfi til tiltekins tíma. Áður en leyfi er veitt skal gengið úr skugga um að tilskilin leyfi byggingar- og skipulagsyfirvalda liggi fyrir. Við leyfisveitingu skal heilbrigðisnefnd afhenda leiðbeiningar og setja leyfishafa skilyrði um geymslu, notkun og förgun hænsnaskíts.

Ekki er veitt leyfi til hænsnahalds hafi umsækjandi gerst brotlegur við lög um velferð dýra.

3. gr.

Byggingarleyfi fyrir hænsnakofa og girðingar við þá er háð gildandi ákvæðum byggingarreglugerðar eins og hún er á hverjum tíma.

4. gr.

Lausaganga hænsna er með öllu óheimil og ber hænsnaeigandi fulla vörluskyldu. Hænsnaeigandi er að öllu leyti ábyrgur fyrir hænsnum sínum og ber að koma í veg fyrir að hænsnahaldið valdi ónæði í umhverfinu, s.s. vegna hávaða, ólyktar og hvers konar óþrifnaðar. Hænsnaeiganda ber einnig að sjá til þess að hænsnahaldið laði ekki að meindýr.

5. gr.

Sleppi hæna frá eiganda eða umráðamanni skal viðkomandi tafarlaust gera ráðstafanir til að handsama hana. Hænur í lausagöngu skal færa í geymslu á vegum Reykjavíkurborgar. Ef hænu er ekki vitjað innan einnar viku frá handsömun, er heimilt að ráðstafa henni til nýs eiganda eða selja hana fyrir áföllnum kostnaði. Að öðrum kosti skal hún aflífuð.

Hafi hæna verið handsömuð, er óheimilt að afhenda hana fyrr en að lokinni greiðslu áfallins kostnaðar. Sé eigandi ekki með leyfi fyrir hænsnahaldi skal afla leyfis og greiða það áður en hæna fæst afhent. Kostnaður við handsömun, geymslu eða aflífun hænu skal að fullu greiddur af eiganda.

6. gr.

Leyfilegt er að halda allt að 4 hænur á hverri lóð. Óheimilt með öllu er að halda hana.

7. gr.

Á lóðum þar sem veitt er leyfi til hænsnahalds þarf að vera hæfilega stór hænsnakofi sem rúmar þann fjölda af hænum sem leyfi er veitt fyrir. Hænsnakofi fyrir 4 hænur þarf að vera að lágmarki 2 m² að stærð. Í kringum hænsnakofa skal vera hænsnahelt gerði, hæfilega stórt fyrir útiveru hænsanna. Hænsnakofi og gerði skulu vera vel innan lóðarmarka viðkomandi lóðar, að lágmarki 3 m.

8. gr.

Umráðamanni/leyfishafa ber að gera ráðstafanir til að tryggja að meindýr komist ekki í fóður. Hænsnakofi skal vera meindýraheldur. Hænsnafóður skal geyma í meindýraheldum ílátum. Til að fyrirbyggja að rottur komist í fóður skulu ílát vera í a.m.k. 35 sm hæð frá jörðu og vera u.p.b. 60 sm djúp.

Til að koma í veg fyrir ónæði vegna hávaða ber að hafa myrkur hjá hænsnunum frá kl. 21.00 til kl. 7.00 alla daga.

Þrífa þarf hænsnakofa að lágmarki vikulega. Hænsnaskít skal fjarlægja við daglega umhirðu og má ekki safnast upp. Farga skal hænsnaskít á löglegan hátt. Heilbrigðisnefnd setur leyfishafa nánar skilyrði um geymslu, notkun og förgun hænsnaskíts, sbr. 2. gr.

9. gr.

Heilbrigðisnefnd getur afturkallað leyfi til hænsnahalds samkvæmt samþykkt þessari ef hænsnahaldið veldur ónæði í umhverfinu, ofnæmi, leyfishafi gerist brotlegur við lög um velferð dýra eða ef brotið er gegn samþykkt þessari.

10. gr.

Komi upp sjúkdómar eða smithætta sem að mati sóttvarnarlæknis og yfirdýralæknis geta skapað hættu fyrir heilbrigði manna, ber að hættu hænsnahaldi tafarlaust og farga hænunum í samráði við heilbrigðisnefnd.

11. gr.

Um þvingunarúrræði og viðurlög við brotum gegn ákvæðum samþykktar þessarar fer samkvæmt VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

12. gr.

Heimilt er að innheimta leyfisgjald af hænsnaeigendum og árlegt eftirlitsgjald vegna almenns eftirlits sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umráðamaður/leyfishafi ber einnig allan kostnað sem kann að hljótast af handsömun, föðrun og hýsingu hænanna. Gjaldtakan skal ákveðin í gjaldskrá heilbrigðisnefndar sem staðfest er af borgarstjórn Reykjavíkur og birt í B-deilda Stjórnartíðinda.

13. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 1. september 2014.

F. h. r.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Laufey Helga Guðmundsdóttir.